

Rússar setja Norðurflotann í allsherjarviðbragðsstöðu - undrast æfingar undir merkjum NATO við landamæri sín

Eftir Björn Bjarnason

Fyrsta embættisverk Vladimírs Pútíns Rússlandsforseta eftir að hann birtist opinberlega að nýju mánudaginn 16. mars eftir 10 daga fjarveru var að skipa Norðurflota Rússlands á Kólaskaga við austurlandamæri Noregs að fara í allsherjar viðbragðsstöðu til skyndiæfingar.

Á norsku vefsíðunni BarentsObserver er haft eftir rússneska varnarmálaráðherra að fyrirmælin nái til 38.000 hermanna, 3.360 ökutækja, 41 herskips, 15 kafbáta og 110 flugvéla. Verði eftirlitsmenn sendir til að gera úttekt á viðbragðsflytinum og hafi þeir tekið til starfa klukkan 08.00 að morgni mánudags 16. mars.

Höfuðhöfn Norðurflotans er í Severomorsk fyrir norðan Múrmansk og nokkrar hafnir kjarnorkuknúinna kafbáta eru á ströndinni í átt að Noregi.

Á vefsíðu rússneska varnarmálaráðuneytisins segir að með æfingunni eigi að kanna getu Norðurflotans til aðgerða í Norður-Íshafi. „Ný verkefni og nýjar ógnir við hernaðarlegt öryggi krefjast þess að geta heraflans til átaka sé eflað enn frekar,“ segir Sergei Shoigu varnarmálaráðherra.

Rússar boða þessar æfingar Norðurflotans á sama tíma sem Norðmenn ljúka heræfingum sem staðið hafa í eina viku á Finnmörk, nyrsta héraði landsins. Tóku um 5.000 hermenn þátt í henni og hefur svo viðamikil æfing ekki verið á Finnmörk síðan 1967.

Alexej Meshkov, varautanríkisráðherra Rússlands, sagði mánudaginn 16. mars að fjölgun heræfinga undir merkjum NATO skammt frá landamærum Noregs drægi úr stöðugleika í Norðaustur-Evrópu.

„Rússar hafa miklar áhyggjur af fjölgun NATO-æfinga við landamæri okkar. Það er sérstaklega undarlegt að þetta skuli gerast í Norðaustur-Evrópu þar sem stöðugleiki er mestur ekki aðeins í okkar heimshluta heldur kannski einnig í öllum heiminum,“ segir Mashkov við TASS-fréttastofuna.

BarentsObserver minnir á að Norðmenn og Rússar eigi sameiginlega strandlengju að Barentshafi og undanfarin 20 ár hafi þeir þróað með sér samstarf á sviði hermála til dæmis með gagnkvæmum flotaheimsóknum en Norðmenn hafi skorið á allt slíkt samstarf eftir að Rússar innlimuðu Krímskaga 16. mars 2014,